

MINNIR ÆRUM UNDAN SÍMANNA ÓRÚLAVIÐSÞAÐU, UNNUÐNI V ARÐO 1930

<u>Skógrinn:</u> <u>Grisjað</u> var á þessum skógarsvæðum og höggið		
á hverju svæði fyrir sig, sem hér segir:	Hríð. Efniv.	
1. Svæðinu m. tlavíkurl. og Kerlingarár.	210.75	2.0
2. Mörkinni og sv. m. Kerlingarár og Staðarár	273.95	
3. Hólunum	469.00	3.0
4. Flataskóginum	60.00	
5. Partinum	<u>208.00</u>	<u>1.5</u>
	<u>Samtals: 1.221.50</u>	<u>6.5</u>

A sumum þessum svæðum hefur verið grisjað í 2. sinn (önnur grisjunaremferð)

Árvöxtur: Sumaríð mátti heita fremur hægstætt fyrir trjágróðurinn. Voríð var fremur gott. Frá miðjum júní til 20 júlí voru vætur miklar hér og hitakaflar á milli. Fór þá öllum gróðri vel fram. En frú seint í júlí og fram úr, voru óvenjulegar vætur og sólarleysi og allmikil úrfelli með köflum. Skógrinn var ordinn algrænn 25. maí. Lengstu árssprotar urðu:

Frævöxtur: Hann varð nokkur og var safnað ca. 25 kg. af burru fræi. Reynivíðarfræ spratt og talsvert. Safnað var ca . Ribsber spruttu vel, og eins bláber. Hrútaber einnig nokkuð.

Máðkur: Máðkur var enginn í skóginum. En hinsvegar bar allmikið á sjúkdómi eða skemmd á blöðunum, en þau visnuðu og skógrinn var gulur í ágúst með blettum. Orsakir til þessarar visnunar á blöðunum er enn órannsakadur, en geta mætti til að þetta stafabi af örsmáum skriðkvíkindum, sem ekki verða séð með berum augum.

Girdingin: Bilanir voru allmiklar, því veturinn var snjóþungur. Vír hafbi slitnað allmikið og eins vírnetið á Bjarginu. En bilanir á staurum voru ekki miklar. En að því rekur að endurnýja þarf margt af trústaurunum.

Græðireiturinn: Sáð var í græðireitnum birkifréi og kom það vel upp. og plönturnar þroskuðust heldur vél. Reynivíðarfræ, sem sáð var í fyrra kom og allvel upp.

Dreift var í græðireitnum: Birkiplöntum	222	stk.
Víðir	152	-
Lævirkjatré	2	-
Furu	94	-
Greni	43	-
Ribs	51.	-

Auk þess sendar skógræktarstjóra	Reynir	200	stk.
	<u>Lævirkjatre</u>	10	-
		210	stk.
Alls látnar úr græðireit.		774	stk.
Seldar hnausaplöntur ur skóginum		936	-
Sendar skógræktarstjóra		<u>550</u>	<u>-</u>
			= 1.486.

Alls látnar uti:

2.260 stk.

Sumarið mætti heita gott fyrir trjaoiventurnar, enda fór sumum tegundunum vel frum, einkum birki og reynivíð. Einnig uxu hinar gömlu kógarfuruplöntur vel. Á sumum birkifræplöntunum frá í fyrra bar á ryðsveppi, sem áður hefur einnig gert vart við sig héru. Reyndur var eins og fyrr blasteinskoldvökvi og dróg hann mikil úr skemdunum, en vöxturinn varð minni þar sem sveppurinn harði néð sér niðri.

Byggingar: Timburihúsib var málæð utan og eldhúsib málæð innan. Keypt var járn og timbur í þak á heyhlöbu á Ormsstöðum. Steinhús-var málæð utan með metusamálningu og kjallarinn að innan. Annað var ekki gert að byggingum á árinu.

Ferðir fór ég engar að þessu ári.

Húsmæðraskólinn tók til starfa 1. nóvember. Vænta má að skolinn kaupi nokkut af við auk þess sem hann fær ókeypis, sem eru 500 hestburðir, sem skólinn heggur sjaltur.

Hallormsstað 21. jan. 1931
Guttermur Pálsson.